



ÁLAGNING GJALDA 2018

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 12. desember 2017, voru samþykktar eftirfarandi forsendur til grundvallar álagningu útsvars-, fasteigna- og þjónustugjalda á árinu 2018:

- Útsvarsprósenta árið 2018 er 14,52%.
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2018:
 - 0,31% af álagningarstofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - 1,62% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis er kr. 18.786 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald er kr. 16.021 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum¹ er 1,30% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 0,40% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2018 eru 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október en eindagi gjaldanna er 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 17.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2018.

Veitt er ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2018, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

¹ Bæjarstjórn Akraness samþykkti 16. desember 2003 að frá og með 1. janúar 2004 byggist innheimta nýrra og endurnýjaðra lóðarleigusamninga á fasteignamati lóðar en eldri samningar taki breytingum samkvæmt byggingarvístölu ár hvert.



Lóðarleiga fyrir árið 2018 við álagningu fasteignagjalda vegna lóðarleigusamninga þar sem leigugjald er miðað við fermetra (m²) er eftirfarandi²:

- Íbúðarhúsnæði 12,52 kr. á hvern m² lóðar
- Atvinnuhúsnæði 45,01 kr. á hvern m² lóðar
- Hafnarsvæði 178,97 kr. á hvern m² lóðar

Vatns- og fráveitugjöld eru ákveðin og innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Akraneskaupstað. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirrar innheimtu er að finna á vef Orkuveitunnar, www.or.is.

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is, en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Gjaldskrár Akraneskaupstaðar hækka almennt um 2,2 % þann 1. janúar 2018 nema annað sé sérstaklega samþykkt í viðkomandi gjaldskrá.



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

² Sjá athugasemd númer 1.